

Þriðjudaginn 19. febrúar 1980.

Nr. 35/1978.

Einar Sverrir Einarsson

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

**dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra og
ríkissaksóknara**

f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Gæsluvarðhald. Sýknað af skaðabótakröfu. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 29. apríl 1977. Það mál féll niður 1. febrúar 1978 vegna útivistar áfrýjanda, en hann áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 14. s. m. samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur, „að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.500.000 ásamt 9% ársvöxtum frá 22. sept. 1973 til 15. júlí 1974, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóv. 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu“.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en til vara, að kröfufjárhæð verði lækkuð og „málskostnaður þá látinn falla niður“.

Fallast ber á úrlausn héraðsdómara um fyrirsva ríkissaksóknara fyrir ríkisvald í máli þessu, sbr. 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974. Bar ekki nauðsyn til samkvæmt greindu

lagaákvæði að stefna dómsmálaráðherra eða fjármálaráðherra til fyrirsvars við hlið ríkissaksóknara, en ekki standa þeir stefnuhættir því í vegi, að efnisdómur verði lagður á málið.

Síðari gæsluvarðhaldsúrskurðurinn yfir áfrýjanda, sem um er fjallað í máli þessu, var kveðinn upp vegna gruns um hlutdeild hans í innbroti í Háaleitis Apótek í Reykjavík 13. júní 1973 og innbroti í söluturn á Kópavogsbraut 115 í Kópavogi aðfaranótt hins 14. s. m. Var úrskurðurinn reistur á ákvæðum 1. og 5. tl. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961. Hefur endurrit lögreglurannsóknar vegna síðargreinda innbrotsins verið lagt fyrir Hæstarétt ásamt dómsrannsókn vegna beggja innbrotanna og endurriti áfellis-dóms sakadóms Reykjavíkur 27. maí 1975 yfir mönnum þeim, sem ákærðir voru vegna innbrota þessara með ákæruskjali, dags. 20. maí 1974. Er það ákæruskjal rakið í hinum áfrýjanda dómi.

Áfrýjandi var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu vegna innbrotsins í söluturninn á Kópavogsbraut 115 hinn 3. júlí 1972 og 6. september 1973. Viðurkenndi hann að hafa verið með mönnum þeim, sem sakfelldir voru samkvæmt framan-greindri ákæru vegna innbrotsins í söluturninn nótt þá, er innbrotið var framið. Hefðu þeir ekið ásamt fleira fólki í bílaleigubifreið um borgina og í Kópavog. Þar hafi verið staldrað við nokkra stund og Óskar Elías Héðinn Guðmundson farið úr bifreiðinni. Er hann kom aftur, hafi hann haft stóran kassa meðferðis, sem hann hefði síðan komið til geymslu í Hlíðahverfi í Reykjavík. Taldi ákærði sig ekki hafa séð, hvað í kassanum var, en viðurkenndi að hafa orðið var við, að Óskar Elías hefði kastað tveimur lengjum af vindlingum inn í bifreiðina um leið og hann fór með kassann á geymslustaðinn.

Guðbjörn Lárus Elíasson, sem ók bílaleigubifreiðinni í umrætt sinn, bar það fyrir lögreglu 15. júní 1973 og fyrir sakadómi 23. maí 1975, að áfrýjandi hefði tekið þátt í að koma í peninga verðmætum, sem stolið var í umræddu innbroti í söluturninn á Kópavogsbraut. Sagðist Guðbjörn

Lárus sjálfur hafa veitt viðtöku frá áfrýjanda hluta þess fjár, sem fyrir þau verðmæti fékkst.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Eftir atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 200.000 krónur.

Það athugast, að endurrit lögregluskýrslna vegna innbrots áfrýjanda og annars manns í söluturn á Kópavogsbraut 115, sem lagðar voru fram í héraði og reifaðar eru í héraðsdómi, varða annað innbrot en það, sem varð tilefni gæsluvarðhaldsvistar áfrýjanda.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. mars 1977.

I.

Mál þetta er höfðað með réttarstefnu, útgefinni 25. febrúar 1976 og framlagðri í dómi 4. mars 1976.

Stefnandi málsins er Einar Sverrir Einarsson, Safamýri 65, Reykjavík, en stefndu dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og ríkissaksóknari.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.500.000 ásamt 9% ársvöxtum frá 22. september 1973 til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu, enda hafi stefnandi samkvæmt 154. gr. laga nr. 74/1974 gjafsókn í máli þessu.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af kröf-

um stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins. Við munnlegan málflutning var sú varakrafa gerð af hálfu stefndu, að bætur yrðu dæmdar verulega lægri.

Undirritaður dómari fékk mál þetta til meðferðar 29. október 1976.

Sættir hafa verið reyndar í málinu, en án árangurs.

II.

Málavextir eru í stórum dráttum þeir, að aðfaranótt miðvikudagsins 13. júní 1973 var brotist inn í Háaleitis Apótek hér í borg og stolið þaðan talsverðu magni af lyfjum og eiturefnum svo og nokkurri peningafjánhæð. Samkvæmt framlagðri skýrslu rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík voru grunaðir um verknaðinn þeir Jóhann Bragi Friðbjarnarson, Óskar Elías Héðinn Guðmundsson og Guðbjörn Lárus Elíson, en í varðhald voru settir stefnandi málsins og Páll Konráð Konráðsson. Allir þessir menn voru yfirheyrðir hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, og þar kom, að í yfirheyrslu 3. júlí 1973 viðurkenndi Jóhann Bragi Friðbjarnarson að hafa framið umrætt innbrot og að hafa verið þar einn að verki, en Guðbirni Lárusi Elísyni hafi verið um það kunnugt og hefðu þeir rætt um það áður.

Hinn 15. júní 1973 var stefnandi úrskurðaður í 7 daga gæsluvarðhald af sakadómi Reykjavíkur, og var sá úrskurður staðfestur í Hæstarétti hinn 20. júní 1973. Hinn 22. júní 1973 var stefnandi aftur úrskurðaður af sama aðilja í 90 daga gæsluvarðhald, og var sá úrskurður staðfestur í Hæstarétti hinn 2. júlí 1973. Var stefnandi látinn sitja inni allan gæsluvarðhaldstímann, samtals 97 daga. Stefnandi heldur því fram, að han hafi síðan ekkert frétt af máli því, sem varð tilefni gæsluvarðhaldsúrskurðanna fyrr en með bréfi sakadóms Reykjavíkur til lögmanns stefnanda, dags. 28. ágúst 1975, þar sem upplýst sé, að ríkissaksofnari hafi ekki gert refsikröfu á hendur stefnanda vegna máls þessa. Hófst þá stefnandi handa um höfðun máls þessa, sem hér liggur fyrir til úrlausnar. Krefst hann bóta fyrir gæsluvarðhald að ósekju samkvæmt XVIII. kafla laga nr. 74/1974.

Verður nú nánar vikið að framlögðum skýrslum rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík.

Að morgni fimmtudagsins 14. júní 1973 fóru rannsóknarlögreglumenn að Úthlíð 11 hér í borg og höfðu þar tal af Önnu Hilmarsdóttur, sem þar bjó. Skýrði hún svo frá, að á milli kl. 2000 og 2100 kvöldið áður hefðu Jóhann Bragi og stefnandi kom-

ið þangað. Hún hefði ekki verið heima, en þeir hefðu talað við sex ára son hennar. Hefðu þeir haft meðferðis brúnan bréfpoka, sem þeir hefðu farið með inn í geymslu og sett þar í efstu hillu. Rannsóknarlögreglumennirnir tóku þennan poka í sínar vörslur, og reyndist hann hafa að geyma ýmis pilluglós. Þá var í pokanum spjald, er á var límt einhvers konar ilmefni, og var það verðmerkt Háaleitis Apóteki.

Kl. 1350 föstudaginn 15. júní 1973 yfirheyrir rannsóknarlögreglan í Reykjavík Guðbjörn Lárus Elíson. Hann sagði m. a., að Jóhann Bragi Friðbjarnarson og Óskar Lárus Héðinn Guðmundsson hefðu komið til sín fyrir hádegi þriðjudaginn á undan og hefðu þeir báðir verið undir áhrifum áfengis. Þeir hefðu farið í Garðahrepp og tekið þar bíl á leigu. Síðan hefðu þeir ekið til Reykjavíkur og um götur borgarinnar, en um kl. 1730 til 1800 hafi þeir allir farið inn í veitingahúsið Háabæ, þar sem stefnandi hafi slegist í för með þeim. Hann sagðist ekki muna, hvenær þeir hefðu farið frá veitingahúsinu, en eftir það hafi verið ekið um götur borgarinnar og komið við á skemmtistöðum. Eftir að þeim hefði verið lokað aðfaranótt miðvikudagsins 13. júní, hafi verið ekið vítt og breitt um borgina og einhvern tíma á milli kl. 0500 og 0600 hafi hann ekið heim til Óskars á Framnesveginn. Jóhann, Óskar og Sverrir hafi farið þar úr bifreiðinni, en hann sjálfur hefði ekið heim. Hann hafi sofið fram á hádegi á miðvikudag, en síðan farið til vinnu um kl. 1300 og verið að störfum til kl. 1830, að hann hafi farið aftur heim. Um kl. 2000 um kvöldið hafi hann farið heim til Óskars á Framnesveginn og sótt þá Jóhann, Óskar og Einar. Þetta kvöld hafi verið ekið upp í Hlíðar og stansað á stað, sem Jóhann hafi bent á. Hafi Jóhann farið út úr bifreiðinni ásamt Einari og hafi þeir haft meðferðis brúnan poka, sem örugglega hafi verið í ákavítisflaska. Hafi Jóhann talað um, að hann ætlaði að hitta einhverja stúlku. Þeir hafi verið augnablik í burtu og sagt aðkomnir, að stúlkan væri að vinna. Síðan hafi verið ekið um borgina um kvöldið og nóttina, en um kl. 0500 aðfaranótt fimmtudagsins 14. júní hafi hann skilað þeim öllum niðri í miðbæ, en sjálfur haldið heim til sín. Um kl. 1000 á fimmtudagsmorguninn hafi stefnandi komið til sín, en hann hafi þá ekki verið kominn á fætur. Síðan hafi stefnandi farið og með honum tvær systur hans, þ. e. Guðbjarnar. Eftir þetta sagðist Guðbjörn ekki hafa séð stefnanda, Jóhann eða Óskar, þar sem hann hafi farið að vinna eftir hádegi.

Kl. 2115 sama dag, föstudaginn 15. júní 1973, yfirheyrir rann-

sóknarlögreglan Guðbjörn á nýjan leik. Hann sagðist nú vilja skýra rétt og satt frá þeim atriðum, sem á vanti í fyrri skýrslu sína. Á þriðjudagskvöldið hefði Páll Konráðsson komið í bifreiðina auk stefnanda við veitingahúsið Háabæ. Hafi stefnandi verið með þeim í bifreiðinni til um kl. 0400, en hinir til klukkan að ganga 0600, að hann hafi ekið þeim á Framnesveginn. Eftir að þeir hafi verið búnir að taka bílaleigubifreiðina, hafi Jóhann farið að tala um, að hann væri að hugsa um að brjótast inn í eitt-hvert apótek næstu nótt. Þá hafi hann, Óskar og Jóhann verið í bifreiðinni. Hafi hann sagt stefnanda og Páli frá þessu síðar. Um kvöldið hafi Jóhann beðið hann um að aka fram hjá vel flestum apótekum í borginni og hafi hann verið að kynna sér aðstæður og ákveða, hvar hann ætti að brjótast inn. Þeir hefðu haft mikinn hug á Garðs Apóteki og Langholts Apóteki (sic), en hafi ekki verið á eitt sáttir um, í hvort þeir ættu að fara. Niðurstaðan hafi orðið sú að fara inn í Garðs Apótek, en þeir síðan hætt við þá fyrirætlan og ákveðið að fara í Háaleitis Apótek, þar sem honum hefði skilist, að þeir væru flestir búnir að brjótast inn áður og þekktu því vel allar aðstæður. Um kl. 0300 um nóttina hafi hann ekið að Hvassaleiti og stöðvað þar einhvers staðar á miðri götunni og hafi þeir Jóhann og Óskar farið þar út, en hinir orðið eftir í bifreiðinni. Jóhann og Óskar hafi haft svarta leðurhanska á höndum og auk þess verið með skrufjárn og eitt-hvert járn, dálítið einkennilegt í laginu. Þeir hinir hafi beðið í bifreiðinni í 45 mínútur til 1 klukkustund, en þá hafi þeir Jóhann og Óskar komið aftur og ekki haft neitt meðferðis frá innbrotssstaðnum. Þeir hefðu sagst hafa tekið þjófabjöllukerfið úr sambandi og að þýfið væri í pappakassa á leikvelli þarna skammt frá. Hann hafi síðan ekið að leikvellingum og hefðu Jóhann og Óskar sótt kassann og sett hann inn í bifreiðina. Síðan hafi verið ekið heim til Páls Koráðssonar og allt þýfið skilið þar eftir og hafi Páll falið það einhvers staðar í húsinu. Páll hafi orðið eftir til að gæta þýfisins. Nú hafi verið ekið suður í Kópavog, þar sem ætlunin hafi verið að brjótast inn í söluturn þar. Stefnandi hafi hins vegar ekki talið ráðlegt að brjótast inn, þar sem tekið var að birta af degi, og hafi verið hætt við þá fyrirætlan. Síðan hafi verið ekið aftur heim til Páls Konráðssonar, en hann hafi ekki ansað, þannig að ekið hafi verið heim til Óskars að Framnesvegi 18. Eftir það hafi hann, þ. e. Guðbjörn, farið heim. Á miðvikudagsmorguninn hafi Jóhann hringt til hans og spurt, hvort þeir mættu koma heim til hans að drekka.

Hafi hann sagt þeim, að það væri ekki hægt. Hann yrði búinn að vinna kl. 1800 og kæmi þá til þeirra. Að lokinni vinnu hafi hann farið heim og borðað, en um klukkan 1830 hafi hann ekið heim til Páls og hafi þá verið búíð að skipta þýfinu þannig, að hlutur Páls hafi verið sér svo og hlutur Jóhanns, en hlutur þeirra hinna þriggja saman. Óskar, Jóhann og stefnandi hafi viljað koma sínum hluta strax í geymslu á öruggan stað, en hann, þ. e. Guðbjörn, hafi viljað fá sinn hlut í sínar hendur. Stefnandi hafi hins vegar viljað geyma allt á einum stað. Hafi nú verið ekið að Úthlíð 11, þar sem þeir hefðu ætlað að fá þýfið geymt hjá konu nokkurri. Hætt hafi verið við að fara þarna inn og ekið út undir Gróttu og þar hafi hann, þ. e. Guðbjörn, fengið sinn hlut. Þá hafi verið ekið inn í Sundahöfn til að henda því eitri, sem þeir hefðu tekið í apótekinu. Þaðan hafi verið farið aftur að Úthlíð 11 og hafi stefnandi og Jóhann farið með poka þar inn og falið hann einhvers staðar þar. Þar hafi þeir átt stutta viðdvöl. Í þetta sinn hafi þeir aðeins verið fjórir saman, þ. e. a. s. hann, Guðbjörn, Jóhann, stefnandi og Óskar. Síðan hafi þeir farið á dansleik í Þórskaffi. Eftir dansleikinn hafi verið ekið um bæinn og að Umferðarmiðstöðinni, þar sem þeir hefðu hitt tvær stelpur frá Eskifirði og tekið þær upp í bifreiðina. Hafi nú verið ekið mikið um bæinn og síðan suður í Kópavog og þá hafi verið ákveðið að brjótast inn í söluturninn, sem áður sé um getið. Jóhann hafi orðið eftir niðri í bæ, en hann, þ. e. Guðbjörn, hafi ekið stefnanda, Óskari og stúlkunum upp í Eskihlíð og hafi þau farið þar úr bifreiðinni. Síðan hafi hann, þ. e. Guðbjörn, farið aftur niður í bæ til að leita að Jóhanni, en ekki fundið hann og þess vegna farið heim að sofa um kl. 0600.

Kl. 1435, 29. júní 1973 yfirheyrir rannsóknarlögreglan enn Guðbjörn. Hann sagði þá m. a., að þeir hefðu farið á bílaleigu-bifreið, sem hann hafi ekið, og stöðvað í Hvassaleiti. Með honum í bifreiðinni í umrætt sinn hafi verið Jóhann Bragi, sem hafi setið í framsæti bifreiðarinnar, stefnandi málsins, sem hefði setið fyrir miðju í aftursæti bifreiðarinnar, hægra megin við hann hafi setið Páll Konráðsson, en vinstra megin Óskar Elías Héðinn Guðmundsson. Það hafi verið þeir Jóhann Bragi og Óskar, sem hefðu farið út úr bílnum í Hvassaleitinu og gengið áleiðis að apótekinu. Þegar þeir hafi komið aftur, hafi þeir talað um, að þeir hefðu báðir farið inn í apótekið og leitað þar í öllum hillum að lyfjum. Síðan hafi verið ekið heim til Páls Konráðssonar, þar sem allt þýfið úr apótekinu hefði verið skilið eftir,

og vísaði Guðbjörn til fyrri skýrslu sinnar um það efni. Lyf þau, sem hafi verið í pokanum, sem stefnandi og Jóhann Bragi hefðu farið með í Úthlíð 11, hefðu verið þau Lyf, sem komið hefðu í hlut stefnanda og Óskars, en Jóhann Bragi hafi haldið sínum hlut aðskildum. Guðbjörn sagðist muna, að fimmtudaginn 14. júní, er þeir hafi verið fjórir í bifreiðinni, þ. e. a. s. hann, Jóhann Bragi, stefnandi og Óskar, hafi þeir talað um það, ef upp kæmist um innbrotið í apótekið, að blanda Páli Konráðssyni inn í það mál, enda hafi hann fengið sinn hlut af lyfjunum og sennilega þann stærsta. Páll hafi verið tekinn inn í bifreiðina hjá Há bæ að kvöldi þriðjudagsins 12. júní, en stefnandi hafi komið í bifreiðina síðar, einnig hjá Há bæ.

16. júní 1973 yfirheyrir rannsóknarlögreglan í Reykjavík Jóhann Braga Friðbjarnarson. Þriðjudaginn 12. júní 1973 sagðist hann hafa farið í veitingahúsið Há bæ og hafa verið þar fram yfir hádegi. Síðan hafi hann verið á rápi fram eftir degi, þangað til aftur var opnað í Há bæ, en þá hafi hann farið þangað aftur. Um þetta leyti hafi hann hitt stefnanda og verið með honum einhverja stund. Hann hafi fengið Guðbjörn með sér í Garðahrepp til þess að taka bíl á leigu. Ekið hafi verið vítt og breitt um borgina í þessari bifreið og hafi Guðbjörn alltaf ekið. Fljótlega hafi fjölgað í bifreiðinni. Í hana komið tvær stúlkur frá Eskifirði, stefnandi og Óskar Guðmundsson. Hann hafi farið úr bifreiðinni í Lækjargötu, sennilega milli kl. 0400 og 0500 á miðvikudagsmorguninn, og orðið þar viðskila við hitt fólkið. Á miðvikudagsmorguninn hafi hann farið fótgangandi niður í borgina og af tilviljun hitt þá stefnanda og Óskar á einhverri götu í Norðurmýrinni. Þeir hafi fengið sér mat um hádegisbilið og snætt hann suður í Nauthólsvík. Þar hafi þeir verið til um kl. 1500, að þeir héldu aftur inn í borgina. Hann sagðist minna, að þeir hefðu farið á dansleik í Þórskaffi um kvöldið. Eitthvað hafi þeir hitt Guðbjörn og eitthvað ekið með honum, en hann myndi það ekki gerla. Hann sagðist ekki muna, hvað hann hefði gert, hvert hann hefði farið eða með hverjum hann hefði verið þessa nótt, en daginn eftir, nálægt hádegi, hafi maður að nafni Baldur Skaftason ekið honum, Óskari, stefnanda svo og Sólrúnu og Guðrúnu, systur Guðbjörns, til Hveragerðis. Baldur hafi farið strax aftur til borgarinnar og stefnandi með honum, en hin fjögur hafi fengið sér herbergi í Hótel Hveragerði. Um nóttina, þ. e. aðfaranótt föstudagsins, hafi þeim systur orðið eitthvað sundurorða og hafi Sólrún þá rokið út og hann hefði ekki séð

hana síðan. Rétt eftir hádegi 15. júní 1973 hafi þau þrjú, þ. e. a. s. hann, Óskar og Guðrún, farið áleiðis til Reykjavíkur í langferðabifreið, en verið öll handtekin, áður en þangað kom. Jóhann Bragi neitaði því algerlega, að hann hefði framið nokkurt innbrot eða haft vitneskju um, að slíkt hefði skeð, síðan honum var sleppt úr Hegningarhúsinu sunnudaginn áður.

20. júní 1973 yfirheyrir rannsóknarlögreglan Jóhann Braga á nýjan leik. Hann sagði rétt vera, að hann hefði komið að Úthlíð 11 að kvöldi miðvikudagsins 13. júní 1973 í bílaleigubifreið og hefði Guðbjörn Elíson ekið þeirri bifreið. Auk hans, þ. e. Jóhanns Braga, hafi verið í bifreiðinni stefnandi og Óskar. Jóhann Bragi sagðist hafa farið einn inn í húsið og haft með sér brúnan bréfpoka, en hinir hafi beðið í bifreiðinni á meðan og hafi þeim öllum verið ókunnugt um erindi hans í húsið svo og hvað hann hafði meðferðis í pokanum. Í honum hafi verið ýmiss konar deyfandi og örvandi lyf, sem hann, þ. e. Jóhann Bragi, hefði stolið úr Háaleitis Apóteki 20. febrúar 1973, en þann verknað hefði hann viðurkennt hjá rannsóknarlögreglunni. Pokann hafi hann skilið eftir í umræddu húsi.

3. júlí 1973 yfirheyrir rannsóknarlögreglan enn Jóhann Braga. Hann skýrði þá svo frá orðrétt: „Ég vil nú viðurkenna, að það var ég, sem braust inn í Háaleitis Apótek aðfaranótt miðvikudagsins 13. júní s.l., og var ég þar einn að verki, en Guðbirni Elísyni var kunnugt um innbrotið, en höfðum við (sic) rætt um það áður. — Ég var í bifreið umrædda nótt, sem Guðbjörn ók og hafði tekið á leigu hjá bílaleigu í Garðahreppi, en auk okkar voru farþegar í bifreiðinni þeir Einar Sverrir Einarsson og Óskar Elías Héðinn Guðmundsson. Guðbjörn stöðvaði bifreiðina í götu nálægt apótekinu, Hvassaleiti, að ég held. Þar fór ég einn úr bifreiðinni og gekk að apótekinu.“ Síðan lýsti Jóhann Bragi fyrir rannsóknarlögreglunni, hvernig hann hefði staðið að innbrotinu og hvað hann hefði tekið á innbrotstað. Jóhann Bragi sagðist hafa falið þýfið úr apótekinu í kassa á leikvelli þarna í grenndinni og gengið síðan til félaga sinna, sem hefðu beðið í bifreiðinni á sama stað og hann hefði farið úr henni. Síðan hafi verið ekið af stað og náð í kassann og hafi hann sett hann í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Félagar hans hefðu einskis spurt hann um það, hvað hann væri að gera, þegar hann fór út úr bifreiðinni til að brjótast inn, og þeir hefðu einskis spurt, þegar hann fór til að sækja kassann, og sagðist hann ekki viss um, að þeir hefðu tekið eftir því, þegar hann hefði látið hann í farangurs-

geymsluna. Síðan hafi verið ekið út á Seltjarnarnes og stansað hjá Gróttu. Þar hafi hann og Guðbjörn farið út úr bifreiðinni. Þeir hefðu tekið kassann úr farangursgeymslunni og farið með hann afsíðis, þannig að þeir, sem í bifreiðinni voru, sæu ekki til. Þar hefðu þeir reynt í snarheitum að skipta lyfjunum sem jafnast á milli sín og hafi Guðbjörn sett sinn hlut í bréfpoka, en hann, þ. e. Jóhann Bragi, hefði sett sinn hlut í plastpoka og í lítinn bréfpoka. Síðan lýsti Jóhann Bragi því, hvernig þeir Guðbjörn hefðu komið fyrir lyfjum, sem merkt voru með þrem krossum, í pappakassanum og farið síðan með allt saman og sett það í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Síðan hafi verið ekið að Sundahöfn og einhvers staðar þar í nágrenninu hefðu þeir Guðbjörn farið út úr bifreiðinni og hent umræddum kassa í sjóinn. Frá Sundahöfn hafi verið ekið heim til Guðbjörns og hann farið inn til sín með sinn hluta lyfjanna.

Jóhann Bragi sagði sig minna, að það hefði verið þriðjudaginn 12. júní, að þeir Guðbjörn hefðu rætt möguleikann á því að brjótast inn í eitthvert apótek, og hafi þeir þá verið staddir heima hjá Guðbirni og einir þar. Jóhann Bragi fullyrti, að þeir Guðbjörn hefðu aðeins tveir vitað um þetta fyrirhugaða innbrot og hann einn hefði vitað um erindi hans, þegar hann fór út úr bifreiðinni um nóttina í Hvassaleitinu. Hann hefði aldrei rætt þetta við þá Óskar og stefnanda og hann hefði ekki heyrt Guðbjörn gera það heldur og ekki hefðu þeir spurt neitt í þá áttina, að hægt væri að merkja það, að þeir vissu neitt um áform þeirra. Þá tók Jóhann Bragi fram, að Páll Konráðsson hefði aldrei komið inn í bifreiðina, meðan hann, þ. e. Jóhann Bragi, var í henni, enda væri hann ekki við þetta mál riðinn á neinn hátt.

Hinn 16. júní 1973, kl. 1055, yfirheyrir rannsóknarlögreglan í Reykjavík Óskar Elías Héðinn Guðmundsson. Hann sagðist neita allri hlutdeild í innbrotinu í Háaleitis Apótek aðfaranótt miðvikudagsins 13. júní 1973 og hefði ekki hugmynd um, hver eða hverjir hafi verið þar að verki. Aðfaranótt miðvikudagsins hafi hann verið í bílaleigubifreið, sem Guðbjörn hafi ekið, en auk þess hafi verið í bifreiðinni Jóhann Bragi og stefnandi. Hafi verið ekið um götur bæjarins, en um kl. 0530 hafi hann, Jóhann Bragi og Einar Sverrir farið heim til hans, þ. e. Óskars. Þeir hefðu hvergi brotist inn þessa nótt og ekki verið í neinum slíkum hugleiðingum. Um kl. 1800 á miðvikudag hafi þeir þrír farið aftur að aka í bílaleigubifreiðinni, sem Guðbjörn hafi ekið, og hafi verið ekið um bæinn og fram á nótt. Á fimmtudagsmorg-

un hafi hann farið í leigubifreið með Jóhanni Braga, Einari Sverri og tveim systurum Guðbjarnar til Hveragerðis. Stefnandi og önnur systirin hafi farið í bæinn með bifreiðinni, en hin þrjú orðið eftir og búið á hótelinu í Hveragerði. Eftir hádegi á föstudag hafi þau farið í bæinn með áætlunarbifreið, en verið handtekin af lögreglunni skammt fyrir ofan Reykjavík.

Hinn 27. júní 1973, kl. 1630, yfirheyrir rannsóknarlögreglan Óskar á nýjan leik. Hann ítrekaði fyrri neitun sína á því að hafa brotist inn í Háaleitis Apótek umræddan dag eða yfir höfuð vita nokkuð um það mál. Hann kannaðist hins vegar við að hafa verið í bifreið, sem Guðbjörn hefði ekið, ásamt þeim Jóhanni Braga og stefnanda að kvöldi miðvikudagsins 13. júní. Hann kvaðst muna, að einhvern tíma um kvöldið hefði verið stansað fyrir utan eitthvert hús í Hlíðunum og hafi Jóhann Bragi farið þar inn og haft meðferðis bréfpoka. Hann sagðist ekki muna, hvort stefnandi hefði farið með honum, en allavega hafi hann sjálfur ekki farið. Hann sagðist ekki vita, hvað hefði verið í pokanum, sem Jóhann Bragi fór með, og ekki hafa vitað um erindi hans í húsið. Hann sagðist muna, að Jóhann hefði ekki verið með pokann, þegar hann kom út úr húsinu aftur.

Hinn 14. september 1973, kl. 1445, yfirheyrir rannsóknarlögreglan í Reykjavík Óskar í þriðja sinn, og segist hann þá hafa skýrt frá öllu, sem hann viti um þetta mál, og hafi engu frekar við að bæta.

Hinn 15. júní 1973, kl. 1330, yfirheyrir rannsóknarlögreglan í Reykjavík Pál Konráð Konráðsson. Hann sagði, að stefnandi hefði komið heim til hans kl. 1600 daginn áður, en lögreglan hefði síðan tekið þá hjá Háabæ um kl. 2100 um kvöldið. Hann sagði, að það væri ekki rétt, að hann hefði verið að selja töflur fyrr um kvöldið, en kannaðist við að hafa komið inn í Háabæ, rétt eftir að opnað hefði verið kl. 1800, og hafi stefnandi þá verið með honum. Hann sagði, að sér væri ekki kunnugt um, að stefnandi hefði verið með töflur á sér eða hann hefði boðið slíkt til sölu í Háabæ.

Hinn 18. júní 1973, kl. 1545, yfirheyrir rannsóknarlögreglan Pál á nýjan leik. Hann ítrekaði, að hann vissi ekki, hver eða hverjir hefðu staðið að innbrotinu í Háaleitis Apótek, og hann hefði hvergi nálægt því komið.

Hinn 15. júní 1973 yfirheyrir rannsóknarlögreglan í Reykjavík stefnanda málsins, Einar Sverri Einarsson. Hann segir, að þriðjudaginn 13. júní 1973 hafi hann hitt Jóhann Braga í veitingahúsinu

Hábæ. Með honum hafi verið Óskar Guðmundsson. Þeir hafi allir þrír farið út og Jóhann Bragi útvegað þeim bifreið, sem einhver maður hafi ekið, sem hann ekki þekkti. Þeir þrír hafi allir verið ölvaðir og myndi hann því ógerla atburðarás. Þeir hafi ekið frá veitingahúsinu Háabæ að samkomuhúsinu Þórskaffi og muni klukkan þá hafa verið um 2330. Síðan hafi þeir ekið vítt og breitt um borgina og komið aftur að Þórskaffi um það bil er dansleik var að ljúka. Síðan hafi verið ekið áfram eitt-hvað um borgina, þar til þeir hafi allir þrír farið út úr bifreið-inni og í leigubifreið. Svo hafi það einhvern veginn atvikast, að Jóhann Bragi hafi farið út úr bifreiðinni og inn í lögreglubifreið. Þarna hafi þeir Óskar orðið viðskila við Jóhann Braga og hafi hann ekki hitt hann aftur fyrr en einhvern tíma síðar um dag-inn, þ.e. miðvikudag. Þeir Óskar hafi farið í „party“ í húsi, að hann hélt einhvers staðar í Hlíðahverfi, og hafi verið þar fram á morgun. Síðan hafi þeir Óskar verið á rölti um borgina fram eftir degi eða þar til þeir hafi hitt Jóhann Braga. Hann hafi þá verið í einhverri leigubifreið. Eitthvað hafi verið ekið um borg-ina, en síðan hafi þeir allir þrír farið heim til Óskars. Þar hafi þeir dvalist nokkra stund og sofnað. Þá hafi verið farið aftur af stað og ekið sem fyrr vítt og breitt um borgina í hinum og þess-um bifreiðum. Síðan er haft orðrétt eftir stefnanda í skýrslu rannsóknarlögreglunnar: „Svo í fyrrinótt skildi ég við þá Jó-hann Braga og Óskar, og fór ég í „party“ í eitthvert hús við Hraunbæ, en ekki veit ég hvaða. Í því húsi sofnaði ég, en fór svo heim, og var komið fram yfir hádegi í gær, er ég kom þangað. Um kl. 15.30 fór ég svo heim til Páls Konráðssonar með áfengi, sem ég átti, og vorum við að drekka það fram á kvöld. Í gær-kveldi fórum við Páll svo að veitingahúsinu Háabæ, og þar var ég handtekinn.

Þennan tíma, sem ég hef gert grein fyrir ferðum mínum á, var ég töluvert undir áhrifum áfengis og lyfja. Ég man því ógjörla eftir atvikum, og má vel vera, að ég rugli eitthvað saman atvik-um.“ Síðar í skýrslunni er orðrétt haft eftir stefnanda: „Ég neita algjörlega að hafa á þessum tíma farið nokkuð út úr borg-inni, og ekki hef ég komið nálægt neinu innbroti eða hef nokkra hugmynd um slíkt. Ekki hefðu þeir hinir heldur getað framið innbrot á þeim tíma, sem ég var í þeirra félagsskap, án þess ég yrði þess var.“

Hinn 3. júlí 1973, kl. 1740, yfirheyrir rannsóknarlögreglan stefnanda málsins á nýjan leik. Hann skýrði svo frá orðrétt:

„Eins og ég hef áður skýrt frá, þá er ég ekki viðriðinn innbrotið í Háaleitis Apótek, sem framið var, að mér er sagt, aðfaranótt miðvikudagsins 13. júní s.l.

Þriðjudaginn 12. júní s.l. fór ég í Háabæ rétt fyrir kl. 23.30, og þegar ég er á leiðinni upp á efri hæðina, mæti ég Braga Friðbjarnarsyni. Spurði hann mig, hvort ég væri ekki til í að drekka með sér, enda sagðist hann vera með nægjanlegt áfengi og bifreið og bifreiðarstjóra. Hann vildi bjóða mér upp á drykk, sem ég þáði ekki, og varð það úr, að við fórum út úr húsinu, enda klukkan orðin 23.30 og búið að loka barnum. Óskar og Guðbjörn ásamt einhverju fleira fólki sat við borð inni í Háabæ, og varð það allt samferða okkur út og í rauða Volkswagen bifreið, sem stóð fyrir utan, og skildist mér, að Bragi hefði hana á leigu, en Guðbjörn væri ökumaður.

Guðbjörn settist undir stýri, en auk hans fóru inn í bifreiðina ég, Bragi, Óskar og einhver stúlka, sem ég þekki ekki.

Var nú ekið að Þórscafé með stúlkuna, en hún ætlaði þar á dansleik, enda fór hún þar úr, og sá ég hana ekki eftir það.

Við höfðum stutta viðdvöl hjá Þórscafé, og var nú ekið að Umferðarmiðstöðinni til að kaupa bland. Síðan er ekið um borgina, og um kl. 01.00 erum við fyrir utan Þórscafé, þegar fólkið er að koma þar út að loknum dansleik. Þar var stanzað töluverða stund, og minnir mig, að við Bragi höfum farið þar út úr bifreiðinni til að tala við fólk, sem við þekktum. Síðan var ekið um borgina og við hinir sömu í bifreiðinni.

Einhverntíma um nóttina, ég man ekki klukkan hvað það var, var ekið í Hvassaleiti, og þar stöðvaði Guðbjörn bifreiðina. Þar fór Bragi út, og minnst ég þess ekki, að hann hafi minnst á, hvert hann væri að fara, nema hvað mig minnir, að hann bæði okkur að bíða í bifreiðinni. Bragi var nokkurn tíma í burtu, en síðan kom hann og settist inn í bifreiðina, og var nú ekið, að ósk Braga, að einhverri blokk, sem skammt frá (sic), og þar fór hann út aftur. Kom hann síðan að vörmu spori með fremur stóran pappakassa og setti hann í farangursgeymsluna. Eftir það er ekið um bæinn, og man ég ekki eftir því, að Bragi minntist á kassann eða innihald hans við okkur Óskar, en hann og Guðbjörn voru eitthvað að hvíslast á eða tala saman, og fylgdist ég ekki með því, sem þeim fór á milli.

Aftur er ekið að Umferðarmiðstöðinni, þar sem Bragi kaupir Coca-Cola, og síðan haldið áfram að aka um bæinn, og var nú orðið áliðið nætur.

Einhvertíma um morguninn er ekið út á Seltjarnarnes og að Gróttu, að ég held, og réð Guðbjörn því, að þangað var farið. Þar fóru Bragi og Guðbjörn út úr bifreiðinni, og opnaði Bragi farangursgeymsluna, og fóru þeir að vesenast í kassanum, og sá ég ekki, hvað þeir voru að gera, vegna þess að lokið á farangursgeymslunni skyggði á, og ég var að tala við Óskar, en við vorum báðir í aftursæti. Bragi og Guðbjörn voru þarna talsverðan tíma og komu síðan inn í bifreiðina aftur og höfðu þá meðferðis þrjá poka, Bragi tvo og Guðbjörn einn, að mig minnir, og settu þá fyrir framan sig eða héldu á þeim. Var nú ekið að Sundahöfn, eða að fjörunni fyrir neðan Kleppsveginn fyrir austan höfnina. Þar fór Bragi einn út, og opnaði hann farangursgeymsluna og tók þaðan út kassa, sem var hvítur. Henti hann kassanum í sjóinn, og fannst mér skrytið að sjá hvítan kassa á floti á sjónum, þar sem hann var brúnn þegar Bragi kom með hann. Ég hafði orð á þessu við Braga, og svaraði hann mér eitthvað í þá áttina, að þetta væri bauja, en gaf ekki frekari skýringar á kassanum. Síðan er ekið á brott, og var kassinn á floti, þegar ég síðast sá hann.

Ég vil taka það fram, að áður en ekið var að Sundahöfn frá Gróttu, var stansað ekki langt frá heimili Guðbjörns, Mýrarhúsum, og fór Guðbjörn þar út með svartan plastpoka, sennilega undan áfengisflösku, en ég sá ekki, hvort hann fór heim til sín eða eitthvað annað, þar sem hann hvarf á milli húsa, en hann hafði orð á því, áður en hann fór út, að hann ætlaði að hitta kunningja sinn. Hann var ekki lengi í burtu, en þegar hann kom, var hann ekki með pokann.

Frá Sundahöfn var ekið að Úthlíð 11, og fór Bragi þar inn og hafði meðferðis tvo poka, annan svartan, en hinn var ljósleitur. Hann stansaði þar stutt, en kom síðan án þess að hafa pokana meðferðis. Ég minnst þess ekki, að hann gæfi skýringu á erindi sínu í húsið, en hann fór í kjallarann, en þar býr kona, sem heitir Anna og var gift manni, sem ég þekkti og hét Helgi Laxdal, en er nú látinn.

Ég man það nú, að Bragi hafði orð á því, að hann ætlaði að tala nokkur orð við Önnu. Klukkan var eitthvað milli 09—10 um morguninn, þegar þetta skeði, og var Guðbjörn farinn að tala um það, að hann ætti að fara að vinna, svo það varð úr, að við Bragi fórum úr bifreiðinni einhvers staðar niðri í bæ, en Óskar sagðist ætla að fara heim að sofa, og vildi hann ekki koma með okkur, þótt við bæðum hann um það.

Á fimmtudagsmorguninn var ég í leigubifreið með Braga og Óskari, og var ekið að Mýrarhúsum. Ég fór þar inn og afhenti Guðbirni kr. 2.000.00, sem Bragi lét mig hafa. Áttu þessir peningar að vera til þess að greiða það, sem á vantaði vegna bíla-leigubifreiðarinnar, og jafnframt skilaði ég því til Guðbjörns frá Braga, að hann ætti að skila bifreiðinni sem fyrst.

Eftir því sem best veit nú (sic), var Bragi að brjótast inn í Háaleitis Apótek um nóttina, þegar hann fór út úr bifreiðinni í Hvassaleiti og að það munu hafa verið eitrefni þaðan, sem hann henti í Sundahöfn, eins og áður er að vikið.

Mér var aldrei, meðan ég var með honum í bifreiðinni, kunnugt um, að hann hefði slíkt í huga og fékk aldrei hjá honum neinar töflur eða önnur lyf og ekki hjá Guðbirni heldur, og ég veit ekki til þess, að Óskar hafi heldur fengið neitt slíkt, án þess þó að ég geti neitt fullyrt um það.

Ég tók ekki eftir því, að neytt væri taflna, meðan ég var í umræddri bifreið, heldur drukkum við aðeins áfengi, sem Bragi átti og veitti okkur hinum.“

Hinn 6. september 1973, kl. 1650, yfirheyrir rannsóknarlög-reglan í Reykjavík stefnanda málsins í þriðja sinn, og hefur hann það eitt að segja, að hann hafi í fyrri skýrslum sínum skýrt frá því, sem hann viti um mál þetta, og hafi engu við að bæta.

Föstudaginn 15. júní 1973 er stefnandi leiddur fyrir sakadóm-ara, og kveðst hann eindregið neita því að hafa brotist inn í Háaleitis Apótek aðfaranótt 13. júní 1973 og vitni um það efni til skýrslu, sem tekin hafi verið af honum um það hjá rannsóknar-lögreglunni fyrr um daginn. Sama dag er kveðinn upp í saka-dómi Reykjavíkur svofelldur úrskurður: „Aðfaranótt 13. þ. m. var brotist inn í Háaleitis Apótek og þaðan stolið verulegu magni af lyfjum og lífshættulegum eitrefnum. Rökstuddur grunur leikur á því, að Einar Sverrir Einarsson, fæddur 11. ágúst 1944, hafi tekið þátt í innbrotinu. Styðst sá grunur m. a. við framburð Guðbjörns Lárusar Elísonar hjá rannsóknarlögreglunni í Reykja-vík, en hann hefur viðurkennt hlutdeild í innbrotinu. Nefndur Einar var handtekinn klukkan 2115 í gær. Hann er þekktur vanaafbrotamaður. Rannsókn máls þessa er á algeru frumstigi. Nauðsyn er að útiloka möguleika kærða á að spilla sakargögnum og hafa áhrif á hugsanlega samseka og vitni. Ber því með tilvís-un til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða, að hann skuli sæta gæsluvarðhaldi, enda eru skilyrði til þess fyrir hendi sam-kvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þar sem kærði

er grunaður um háttsemi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að sjö dögum.“

Föstudaginn 22. júní 1973 er kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur svofelldur úrskurður: „Aðfaranótt miðvikudagsins 13. þ. m. var brotist inn í Háaleitis Apótek og þaðan stolið verulegu magni af lyfjum og lífshættulegum eiturefnum. Guðbjörn Lárus Elíson hefur viðurkennt hlutdeild í innbrotinu og bent á þá Einar Sverri Einarsson og Jóhann Braga Friðbjarnarson sem samseka. Þeir halda báðir fram sakleysi sínu.

Jóhann Bragi hefur viðurkennt, að hann hafi að kvöldi miðvikudagsins 13. þ. m. komið í bifreið að húsi hér í borg ásamt Einari Sverri og fleirum. Kveðst hann hafa farið inn í húsið og komið þar til geymslu poka með lyfjum. Lyf þessi segir hann vera þýfi úr innbroti, sem hann hefur viðurkennt að hafa framið í Háaleitis Apótek 20. febrúar s.l. Rannsóknarlögreglan hefur nú lyfin undir höndum. Veruleg líkindi eru til, að sannast muni, að lyfin geti ekki verið tekin í því innbroti.

Aðfaranótt fimmtudagsins 14. þ. m. var brotist inn í söluturn að Kópavogsbraut 115. Guðbjörn Lárus hefur viðurkennt hlutdeild í innbrotinu og bent á þá Einar Sverri og Jóhann Braga sem samseka. Hann hefur og tilgreint nöfn tveggja stúlkna, sem hann segir hafa verið með í innbrotssleiðangrinum. Lögregluskýrsla, sem tekin hefur verið af stúlkunum, styður eindregið þennan framburð hans.

Einar Sverrir Einarsson er fæddur 11. ágúst 1944. Samkvæmt sakavottorði hefur hann sex sinnum hlotið fangelsisdóma vegna brota gegn hinum almennu hegningarlögum nr. 19/1940. Hjá sakadómi Reykjavíkur eru óafgreiddar 4 ákærur á hendur honum, allar vegna ætlaðra brota gegn fyrrgreindum lögum. Hann sat í gæsluvarðhaldi frá 12. apríl — 12. maí s.l. vegna gruns um hlutdeild í innbroti. Ekki hefur enn verið gefin út ákæra í því máli.

Hinn 15. þ. m. var Einar Sverrir úrskurðaður í allt að 7 daga gæsluvarðhald vegna gruns um hlutdeild í innbrotinu í Háaleitis Apótek þann 13. s. m. Mikið er enn óunnið við rannsókn þess máls. Sama máli gegnir um innbrotið að Kópavogsbraut 115. Nauðsyn er að útiloka möguleika hans á að spilla sakargögnum og hafa áhrif á hugsanlega samseka og vitni. Koma verður í veg fyrir, að hann haldi áfram afbrotastarfsemi. Ber því með tilvísun til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða, að

gæsluvarðhaldsvist hans skuli framlengd, enda eru skilyrði þess fyrir hendi samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þar sem kærði er grunaður um háttsemi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga númer 19/1940.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 90 dögum frá lokum gæsluvarðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur 15. júní 1973.“

Eins og áður segir, voru báðir þessir gæsluvarðhaldsúrskurðir staðfestir í Hæstarétti.

Hinn 20. maí 1974 gefur saksóknari ríkisins út svofellða ákæru: „SAKSÓKNARI RÍKISINS gjörir kunnugt: Að höfða ber opinbert mál á hendur Jóhanni Braga Friðbjarnarsyni, Sörlaskjólí 36, Reykjavík, fæddum 30. nóvember 1936 á Siglufirði, Guðbirni Lárusi Elísyni, Mýrarhúsum, Seltjarnarnesi, fæddum 19. júní 1952 í Reykjavík, og Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni, Framnesvegi 18, Reykjavík, fæddum þar í borg 9. ágúst 1951, fyrir eftirfarandi hegningarlagabrot:

- I. Ákærðu Jóhanni Braga og Guðbirni Lárusi er gefið að sök að hafa miðvikudagsnóttina 13. júní 1973 sammælt um að brjótast inn í Háaleitis Apótek við Háaleitisbraut í Reykjavík, þangað sem ákærði Guðbjörn Lárus ók með-ákærða Jóhanni Braga í nágrennið og beið þar, meðan Jóhann Bragi braust inn í apótekið og hafði á brott með sér mikið magn af örfandi og deyfandi lyfjum ásamt nokkru magni af eiturefnum, sem hann flutti svo allt í bifreiðina til Guðbjörns Lárusar. Ákærðu skiptu svo með sér lyfjunum nema eiturefnum, sem þeir fleygðu í sjóinn við Sundahöfn í Reykjavík. Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- II. Þá er ákærða Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni gefið að sök að hafa fimmtudagsnóttina 14. júní 1973 brotist inn í söluturninn að Kópavogsbraut 115, Kópavogi, og stolið þar 30 lengjum af vindlingum og nokkru magni af vindlum og auk þess kr. 2.000 í peningum. Ákærði Guðbjörn Lárus ók ákærða Óskari Elíasi í námunda við innbrottsstaðinn og beið þar eftir honum, meðan hann framdi innbrotið, og ók honum síðan á brott með þýfið og tók síðan við kr. 2.000 af andvirði þess, eftir að Óskar Elías hafði selt það. Atferli ákærða Óskars Elíasar telst varða við 244. gr. almennra

hegningarlaga, en háttsemi Guðbjörns Lárusar við 1. mgr. 254. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Hinn 28. ágúst 1975 sendir sakadómaraembættið í Reykjavík lögmanni stefnanda málsins svohljóðandi bréf: „Með tilvísun til bréfs yðar, dags. 9/7 s.l., þar sem þér spyrjist fyrir um afgreiðslu máls Einars Sverris Einarssonar í sambandi við gæsluvarðhaldsvist hans sumarið 1973, skal upplýst, að ríkissaksóknari hefur ekki gert refsikröfu á hendur honum vegna máls þessa.“

Í málinu hefur verið lagt fram svohljóðandi bréf ríkissaksóknara til lögmanns stefnanda, dags. 20. maí 1974: „Jafnframt því að endursenda sakadómi Reykjavíkur lögregluskýrslur ásamt fylgiskjölum, sem fylgdu bréfi dómsins, dagsettu 10. janúar s.l., varðandi ætluð hegningarlagabrot Jóhanns Braga Friðbjarnarsonar, Sörlaskjólí 36 hér í borg, Guðbjörns Lárusar Elísonar, Mýrarhúsum, Seltjarnarnesi, og Óskars Elíasar Héðins Guðmundssonar, Framnesvegi 18 hér í borg, er þess hérmeð krafist, að lokið verði raansókn málsins og það síðan tekið til dómsálagningar í sakadóminum samkvæmt meðfylgjandi ákæru.

Að því er varðar þá Einar Sverri Einarsson og Pál Konráð Konráðsson, sem við sögu koma í málinu, þá er eftir atvikum eigi af ákæruvaldsins hálfu krafist frekari aðgerða.“

Með bréfi 23. september 1975 krefur lögmaður stefnanda fjármálaráðuneytið um bætur til handa skjólstæðingi sínum vegna gæsluvarðhalds að ósekju. Eru þar hafðar uppi sömu fjárkröfur og í þessu máli.

Í málinu hefur verið lagt fram svohljóðandi sakavottorð Einars Sverris Einarssonar:

„Einar Sverrir Einarsson, fæddur 11. ágúst 1944 í Reykjavík, hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1962 26/9 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1962 9/10 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.

1963 27/3 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1963 9/9 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1963 9/12 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.

1964 9/3 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.

1964 1/7 í Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga.

1964 20/7 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

- 1965 29/3 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi í 4 mánuði fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur, kr. 15.450.15.
- 1967 7/3 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi 15 mánaða fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Staðfest í Hæstarétti 22. maí 1967.
- 1968 14/11 í Gullbringusýslu: Dómur: Fangelsi í 2 ár ÷ gæsluvarðhald fyrir meint brot á 155. gr., 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1970 30/1 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1971 22/1 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 254. gr. hegningarlaga. (Hegningarauki).
- 1973 20/9 í Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1975 21/3 Reykjavík: Dómur Hæstaréttar: Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
- 1976 6/2 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.“

Í málinu hefur verið lagt fram svofellt bréf sakadóms Reykjavíkur til ríkissaksóknara, dagsett 21. febrúar 1977:

„Samkvæmt beiðni yðar, hr. ríkissaksóknari, sendist yður hér með yfirlit yfir fullnustu dóma Einars Sverris Einarssonar, f. 11/8 '44, er uppkveðnir hafa verið hér við embættið:

dómur nr. 106—108/67 fangelsi í 15 mánuði, staðfest í Hæstarétti:

gæsluvarðhald	22/11'66- 6/1 '67	=	45 d.
afplánað L.H.	15/8 '67-20/12'67	=	127 d.
afplánað H.R.	5/4 '68-10/5 '68	=	35 d.
afplánað L.H.	10/5 '68- 8/1 '69	=	243 d.

Samtals 450 d.

dómur nr. 373—375/68 gæsluvarðhald 37 d.
fangelsi í 2 ár

afplánað H.R.	11/11'69-12/11'69	1 d.
afplánað L.H.	12/11'69-25/9 '71	682 d.

Samtals 720 d.

Ógreiddur málskostnaður kr. 16.336.-

dómur nr. 35—43/70	fangelsi í 6 mánuði		
	gæsluvarðhald		162 d.
	afplánað L.H. 25/9 '71-13/10'71		18 d.
			<hr/>
		Samtals	180 d.
	Ógreiddur málskostnaður kr. 5.427.-		
dómur nr. 43—44/71	fangelsi í 4 mánuði		
	gæsluvarðhald		30 d.
	afplánað L.H. 13/10'71-11/12'71		59 d.
	afplánað H.R. 8/12'72-10/3 '72		31 d.
			<hr/>
		Samtals	120 d.
	Ógreiddur málskostnaður kr. 15.652.-		
dómur nr. 404/405/73	fangelsi í 1 ár. Staðfest í Hæstarétti 21/3 1975.		
	gæsluvarðhald		42 d.
	afplánað H.R. 29/3 '75- 4/4 '75		6 d.
	afplánað L.H. 4/4 '75-10/2 '76		312 d.
			<hr/>
		Samtals	360 d.
	Ógreiddur málskostnaður kr. 135.314.-		
dómur nr. 90/96	fangelsi í 6 mánuði		
	gæsluvarðhald 29/8 '74- 8/9 '74		10 d.
	afplánað H.R. 24/8 '76-25/8 '76		1 d.
	afplánað L.H. 25/8 '76-11/2 '77		169 d.
			<hr/>
		Samtals	180 d.
	Ógreiddur málskostnaður kr. 34.800.-“		

Í málinu hefur verið lagt fram svohljóðandi bréf E. N. Bjarnasonar lögreglumanns, dags. 24. febrúar 1977:

„Einar Sverrir Einarsson sat í gæsluvarðhaldi í fangelsinu við Síðumúla dagana 26. 1. 1975 til 11. 2. 1975. Gæsluvarðhaldið hljóðaði upp á 20 daga, en Einari Sverri var sleppt eftir 16 daga.

Meðan hann sat í fangelsinu, viðurkenndi hann innbrot og tékkafals.

Einar Sverrir viðurkenndi að hafa verið með Páli Konráðs-syni, er Páll braust inn í fyrirtækið Borgarsmiðjuna að Borgarholtsbraut 68 í Kópavogi. Einar Sverrir fór ekki inn í fyrirtækið, heldur beið fyrir utan, meðan Páll fór inn. Ekki mun neinu hafa verið stolið.

Þá hefur Einar Sverrir viðurkennt að hafa í félagi við Pál

brotist sömu nótt inn í Biðskýlið að Kópavogsbraut 115 í Kópavogi. Þar stálu þeir 3 fullum, stórum, svörtum plastpokum af tóbaksvörum. Að sögn eiganda var magnið 93 lengjur af vindlingum, 206 pk. af vindlum og 90 pk. af píputóbaki. Til skila aftur komust 36 lengjur af vindlingum, 176 pk. af vindlum og allt píputóbakið.

Tékkafalsið var samtals að fjárhæð kr. 88.200,00. Þetta voru 6 tékkar, og viðurkenndi Einar Sverrir að hafa útfyllt framhlið (það er falsað allt, sem þar stendur, þar með talið nafn útgefanda) þeirra allra að öllu leyti. Einar Sverrir kvaðst hafa gert þetta fyrir Pál Konráðsson og hafa fengið kr. 2.000,00 greiddar fyrir vikið.

Mál varðandi fyrrgreind atriði hafa ekki enn verið send ríkissaksóknara, en verða það væntanlega innan tíðar.“

Stefnandi hefur komið hér fyrir dóm. Hann sagðist vera saklaus af þeim verknaði, sem var grundvöllur gæsluvarðhaldsvistar hans. Hann hefði ekki verið yfirheyrður oftast en fram kæmi í skýrslum rannsóknarlögreglunnar í málinu. Hann hefði ekki sætt neinum harðræðum í gæsluvarðhaldinu. Hann hefði setið tvisvar í fangelsi síðan árið 1973, í fyrra skiptið upp undir eitt ár og í síðara skiptið í sex mánuði og hefði hann losnað úr þeirri fangavist þann 10. febrúar sl. Hann sagðist hafa unnið á mörgum stöðum frá árinu 1973, t. d. í Uritem, Skeifunni 13, í eina þrjá mánuði, og árið 1974 hefði hann unnið í Sútun við Grensásveg í um það bil hálfu ári og einnig hefði hann unnið í Vöruflutningamiðstöðinni í nokkra mánuði. Hann kvaðst nú vera að leita sér að starfi, en væri ekki búinn að fá það, þar sem svo skammt væri liðið frá því hann kom úr fangelsi. Hann sagðist hafa verið opinberlega trúlofaður stúlku, þegar hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald, en kærustuna hefði hann „misst“. Þá hefði hann verið búinn að leigja sér íbúð og borga fyrstu þrjá mánuðina fyrir fram og þá íbúð hefði hann misst einnig. Einnig hefði hann misst af vinnu gæsluvarðhaldstímanna, þar sem hann einmitt á þessum tíma hefði verið að leita sér að starfi. Hann kvaðst vera verslunarskólalagenginn og hafa unnið við sölu-mennsku, m. a. í fjölda ára hjá Einari Ágústssyni og Co.

III.

Stefnandi styður mál sitt þeim rökum, að hann hafi verið tvívegis á árinu 1973 úrskurðaður að ósekju í gæsluvarðhald af sakadómi Reykjavíkur og hafi báðir gæsluvarðhaldsúrskurðirnir

verið staðfestir af Hæstarétti. Hann hafi verið látinn sitja inni allan gæsluvarðhaldstímann, samtals 97 daga. Á því tímabili hafi verið teknar skýrslur af honum hinn 15. júní 1973, 3. júlí sama ár og loks „pro forma“ skýrsla 6. september sama ár. Benda megí á, að rannsókn málsins hafi virst að mestu leyti lokið hinn 3. júlí 1973, því að eftir það hafi aðeins verið tekin skýrsla af Óskari Héðni Guðmundssyni hinn 14. ágúst 1973 og 14. september s. á. auk hinnar „pro forma“ skýrslu, sem tekin hafi verið af stefnanda. Þrátt fyrir þetta hafi stefnanda verið haldið inni allt til 20. september 1973. Lögmaður stefnanda vitnar til þess, að stefnandi hafi kvartað mjög við hann sem réttargæslumann, að hann þyrfti að sitja inni saklaus af máli því, sem verið var að rannsaka. Hafi stefnandi sagt lögmanninum, að rannsóknarlögreglumaður sá, sem hefði haft með rannsóknina að gera, hafi sagt stefnanda, að hann hefði ekkert við hann að tala fyrr en hann væri tilbúinn til að játa á sig hlutdeild í verknaðinum. Rannsóknarlögreglumanninum hefði af gögnum málsins mátt vera ljóst, að málið hefði þegar hinn 3. júlí 1973 verið fullrannsakað, enda hafi ekkert nýtt komið fram í málinu eftir þann tíma og því hafi verið ástæðulaust að halda stefnanda inni lengur. Rannsóknarlögreglumanninum hafi því borið að ljúka rannsókn málsins hinn 3. júlí 1973 og vísa því til sakadóms Reykjavíkur, sem hefði þá að sjálfsgöðu sleppt stefnanda úr gæsluvarðhaldi. Því miður virðist einhver persónuleg afstaða lögreglumannsins hafa ráðið því, að það var ekki gert, og því hafi stefnandi verið látinn taka út allan gæsluvarðhaldstímann.

Í gæsluvarðhaldsúrskurðum þeim, sem upp voru kveðnir yfir stefnanda, sé í báðum tilfellum vísað til ófullgerðra skýrslna rannsóknarlögreglunnar. Í fyrri úrskurðinum, hinn 15. júní 1973, virðist eingöngu byggt á framburði Guðbjörns Lárusar Elísonar, sem bæði fyrir og eftir úrskurðinn hafi verið margsaga. Í síðari úrskurðinum sé því borið við, að mikið sé óunnið við rannsókn innbrotisins í Háaleitis Apótek auk þess sem stefnandi sé grundaður um hlutdeild í innbroti að Kópavogsbraut 115 og í því sambandi sé vitnað til lögregluskýrslna tveggja stúlkna, sem styðji þann grun. Þessar lögregluskýrslur, sem teknar hafa verið af stúlkunum, liggi ekki frammi. Af framansögðu megí vera ljóst, að stefnandi sé ekki úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna framburðar vanaafbrotamanns eða einhverra skýrslna ónafngreindra stúlkna, heldur fyrst og fremst vegna fortíðar sinnar. Megí af þessu álykta, að allir séu ekki jafnir fyrir lögnum. Engin dul

skuli dregin á, að fortíð stefnanda sé alls ekki rósum stráð, en hann hafi tekið út sína hegningu og af þeim sökum eigi hann að standa jafnfætis öðrum, þegar um grun um afbrot sé að ræða. Vafalaust sé, að venjulegur borgari með svokallaðan „hreinan skjöld“ hefði ekki í tilfelli stefnanda verið úrskurðaður í 97 daga gæsluvarðhald eingöngu út á framburð vanaafbrotamanns.

Þá sé rétt að vekja athygli á virðingarleysi yfirvalda varðandi persónur eins og stefnanda. Hann sé ekkert látinn vita um málalok og af þeim sökum leiti hann til réttargæslumanns síns. Hafi sakadómi tvívegis verið ritað bréf, þar sem spurst hafi verið fyrir um málalokin, og þá fyrst fái stefnandi vitneskju um það með bréfi sakadóms Reykjavíkur, dags. 28. september 1975, að ríkissaksóknari hafi ekki gert refsikröfu á hendur honum vegna málsins.

Kröfur um bætur byggir stefnandi fyrst og fremst á þeirri staðreynd, að hann hafi að ósekju sætt frelsissviptingu í samtals 97 daga. Stefnandi telji, að forsendur frelsissviptingarinnar hafi verið með öllu ófullnægjandi og reyndar byggðar á fölskum forsendum, sbr. skýrslur tveggja ónafngreindra stúlkna, sem ekki liggi frammi. Öll frelsissvipting, hversu lítilfjörleg sem hún sé, hljóti að vera mikil sálarþjáning hverjum manni, og ekki síst þeim, sem saklaus sé, án tillits til fortíðar. Til frekari stuðnings kröfum sínum bendir stefnandi sérstaklega á þá staðreynd, að þegar hinn 3. júlí 1973 hafi málið verið fullrannsakað, eins og áður sé vikið að. Þrátt fyrir það hafi honum verið haldið í gæsluvarðhaldi til 20. september 1973, eins og áður getur.

Stefnandi heldur því fram, að kröfum hans sé mjög í hóf stillt. Öllum ætti að vera ljóst, að kr. 1.5 milljón fyrir gæsluvarðhald að ósekju sé síst of hátt og ætti sannarlega að vera hærra, en því miður sé „íhaldssemi“ íslenskra dómstóla slík, að ekki þýði að krefjast meira. Í löndum eins og Bandaríkjunum þætti þessi fjárhæð hlægileg í málum slíkum sem þessu.

Af hálfu stefndu er málssókninni mótmælt sem fjarstæðu. Engum geti blandast hugur um, sem lesi skjöl málsins, að grunsemdir á hendur stefnanda hafi verið meira en nægilegar, enda hafi báðir varðhaldsúrskurðirnir verið staðfestir í Hæstarétti. Þrátt fyrir rannsóknina hafi heldur ekki sannast, að stefnandi sé frekar saklaus heldur en sekur, og margt bendi til þess, að hann hafi ekki eða þeir félagar sagt allan sannleikann. Hins vegar reyni stefnandi að halda því fram, að rannsóknin hafi dregist óhæfilega á langinn. Þetta sé hin mesta blekking, ef betur sé að gáð.

Stefnanda sjáist yfir, að hann sé ekki maður einsamall, heldur meðlimur í stórri klíku vandræðamanna, sem lögreglan sé í sífelldu stríði við og sem þjóðfélagið þurfi síðan að bera stórkostlegan kostnað af. Það skjóti því nokkuð skökku við að ætla nú að hafa stórfé af ríkissjóði sem einhvers konar skaðabætur fyrir skaða, sem raunverulega hafi enginn verið né heldur miski, sem rakinn verði til annars en þess félagsskapar, sem stefnandi hafi sjálfur valið sér. Stefnandi hafi þess vegna ekkert upp á hið opinbera að klaga í þessu sambandi. Það hafi lagt honum til réttargæslumann á ríkisins kostnað svo og borið kostnað af kæru hans til Hæstaréttar. En þegar talað sé um langdregna rannsókn og varðhald, þá beri að hafa í huga, eins og fyrr segi, að stefnandi hafi verið einn af mörgum, sem hafi verið riðnir við málið, og þó að hann við rannsóknarlok hafi ekki reynst sannur að sök, þá sýni réttarútskriftirnar, að hann hafi allan tímann verið í slagtogi með innbrotsmönnunum og sé nefndur svo að segja á hverri síðu í útskriftunum, stundum fimm til átta sinnum á sömu síðu. Auðvitað hafi hann hlotið að vita eða renna í grun, hvað um var að vera. Að minnsta kasti hefði ekki getað komið til mála að sleppa honum úr varðhaldinu, fyrr en málið var upplýst. Verði þess vegna ekki séð, að lögreglu eða rannsóknardómara verði neitt til saka fundið, og hljóti það að leiða til fullrar sýknu í málinu.

IV.

Litið verður svo á, að málið sé flutt á þeim grundvelli, að ríkissóknara sé stefnt í málinu f. h. ríkissjóðs.

Dómsmálaráðherra er stefnt í málinu, og hefur verið sótt þing af hans hálfu. Eigi verður séð, að nauðsynlegt hafi verið að stefna honum, en hins vegar verður þetta atriði eigi talið standa í vegi, að efnisdómur verði lagður á málið.

Miða verður við, að stefnanda hafi ekki fyrr en með áður nefndu bréfi, dags. 28. ágúst 1975, verið kunnugt um þá ákvörðun saksóknara ríkisins, að hann gerði ekki refsikröfu á hendur stefnanda vegna máls þessa og málið sé því höfðað innan tilskilins frests, sbr. 157. gr. laga nr. 74/1974, enda hafa engar kröfur verið gerðar af hálfu stefndu að því er þetta atriði varðar.

Eins og sakargögnum er háttað, þykir skv. niðurlagsákvæði 2. tl. 1. mgr. 150. gr. laga nr. 74/1974 breyta skilyrði til þess að dæma stefnanda bætur fyrir gæsluvarðhaldsvist hans. Þer því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Skipaður talsmaður stefnanda hefur lagt fram málskostnaðar-
reikning, þar sem kostnaður hans af málinu, annar en máls-
sóknarlaun, hafi numið kr. 46.300. Þessum kostnaðarlið hefur
ekki sérstaklega verið mótmælt. Hins vegar var af hálfu stefndu
við munnlegan máflutning mótmælt kröfu stefnanda um tals-
mannslaun.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma stefnda
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til að greiða allan málskostnað
stefnanda, þar með talin máflutningslaun skipaðs talsmanns
hans, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, sem ákveð-
ast kr. 80.000.

Björn Þ. Guðmundsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra f. h. ríkis-
sjóðs og ríkissaksóknari, skulu sýknir vera af kröfum stefn-
anda, Einars Sverris Einarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Málskostnaður stefnanda, kr. 126.300, þar með talin laun
skipaðs talsmanns hans, Hilmars Ingimundarsonar hæsta-
réttarlögmans, kr. 80.000, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirt-
ingu hans að viðlagðri aðför að lögum.